

HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Laxá í Döllum 2025
Vöktunarrannsóknir á stofnum laxfiska
Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókná- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

MARINE & FRESHWATER RESEARCH INSTITUTE

Laxá í Dölum 2025. Vöktunarrannsóknir á stofnum laxfiska.

Höfundar Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson
Unnið fyrir Veiðifélag Laxdæla
Verkefnisstjóri Jóhannes Guðbrandsson
Yfirfarið af Sigurður Óskar Helgason
Samþykkt af Guðni Guðbergsson, sviðstjóri Ferskvatns – og eldissviðs

Haf- og vatnarannsóknir / Marine and Freshwater Research in Iceland

| | | | |
|---------------------|--------------|------------------|-----------|
| Númer | HV 2026-11 | ISSN | 2298-9137 |
| Dagsetning | 20. maí 2026 | Dreifing | Opin |
| Fjöldi síðna | 22 | Verknúmer | 8950 |

© Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Ágrip

Í stangveiðinni í Laxá í Dölum 2025 veiddust 775 laxar; 558 smálaxar (72,0%) og 217 stórlaxar (28,0%). Auk þess veiddust 28 urriðar, 14 bleikjur og 13 hnúðlaxar. Öllum stórlöxum, að fjórum undanskildum, var sleppt að lokinni veiði og tæplega 80% smálaxa. Hrygnur voru í minnihluta stangveiddra laxa, bæði hjá smálöxum og stórlöxum. Laxveiðin var um 43% minni en veiðin 2024 og 22,8% undir meðalveiði (1974 – 2025).

Fiskiteljari var starfræktur í fiskveginum í Sólheimafossi frá 2. júní – 19. október. Vatnsleysi takmarkaði að líkindum för fiska upp teljarann mestan part sumars. Fiskur í göngu var skráður frá 15. september – 19. október en vatnsmagn jókst í fiskveginum vegna haustrigninga. Taldir voru níu silungar, 58 smálaxar og 34 stórlaxar. Gangan var sú mesta (92 laxar) frá upphafi talninga í Laxá árið 2020, en að meðaltali hafa 54 laxar gengið upp fyrir teljarann á ári. Hrognafjöldi í Laxá ofan Sólheimafoss og í Skeggjagili var metinn 305.734 hrogn (3,06 hrogn/m²) og er mesta hrognamagn frá 2020.

Seiðavísitala laxaseiða neðan við Sólheimafoss var 69,3 seiði/100 m² sem er önnur hæsta vísitalan sem mælst hefur á svæðinu. Hæst var vísitalan hjá 1+ seiðum (30,5/100 m²) og næst hæst hjá 0+ seiðum (26,6/100 m²). 2+ seiðin voru töluvert undir meðaltali seiðavísitölu en aðrir aldurshópar voru langt fyrir ofan meðaltal. Seiðavísitala laxaseiða ofan við foss var 28,0/100 m² þar sem 0+ og 1+ seiðin mældust með vísitölu um og yfir 10,0/100 m² en 2+ seiðin voru með vísitöluna 7,4/100 m². Vísitala urriða neðan við Sólheimafoss var 4,1/100 m² en ofan við foss var hún 11,7/100 m².

Meðallengdir laxaseiða ofan við Sólheimafoss voru almennt lengri en meðallengdir seiða á svæðinu neðan við foss. Þvert á móti voru meðallengdir urriðaseiða meiri neðan við foss en ofan við hann. Meðallengdir allra aldurshópa laxaseiða neðan við foss voru undir langtímameðaltali en 0+ seiðin voru þó einungis 0,1 cm undir, en eldri aldurshópar voru ýmist 0,5 eða 0,6 cm undir meðaltali.

Lykilorð: *Laxá í Dölum, lax, urriði, bleikja, stangveiði, hrognafjöldi, seiðapéttleiki, fiskirækt, fiskvegur.*

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| 1 Inngangur | 1 |
| 2 Aðferðir | 1 |
| 2.1 Stangveiði..... | 1 |
| 2.2 Fisktalning..... | 2 |
| 2.3 Hrognaútreikningur..... | 2 |
| 2.4 Seiðarannsóknir..... | 2 |
| 2.5 Vatnshiti..... | 3 |
| 3 Niðurstöður | 4 |
| 3.1 Stangveiði..... | 4 |
| 3.2 Fisktalning við Sólheimafoss..... | 8 |
| 3.3 Hrygningarstofn ofan Sólheimafoss..... | 9 |
| 3.4 Seiðarannsóknir..... | 10 |
| 3.5 Vatnshiti..... | 13 |
| 4 Umræður | 14 |
| Þakkir | 16 |
| Heimildir | 17 |
| Viðauki 1: GPS staðsetning rafveiðistöðva á vatnasvæði Laxár árið 2025 (WGS 84 format dd,dddd°). | 18 |
| Viðauki 2: Stangveiði í Laxá í Dölum 2025 sundurliðuð eftir tegundum og veiðistöðum,..... | 19 |
| Viðauki 3: Stangveiðin (allar tegundir) eftir veiðidögum í Laxá í Dölum 2025. | 20 |
| Viðauki 4. Seiðavísitala laxfiska í Laxá í Dölum 1985 -2025. | 21 |
| Viðauki 5. Upplýsingar um töku hreistursýna. | 22 |

Myndaskrá

| | |
|--|----|
| 1. mynd. Kort af vatnasvæði Laxár í Döllum. Rafveiðistaðir eru sýndir með númerum | 3 |
| 2. mynd. Lengdardreifing stangveiðinnar eftir tegundum í Laxá í Döllum 2025. | 6 |
| 3. mynd. Laxveiði í Laxá í Döllum 1974 – 2025. Lárétt lína sýnir meðaltal 1974 - 2024 (1.009 laxar). | 7 |
| 4. mynd. Hlutfall smálaxa og stórlaxa af heildarveiði í stangveiðinni í Laxá í Döllum 1974 – 2025. | 7 |
| 5. mynd. Hlutdeild þess að veiða og sleppa af heildarveiði í stangveiðinni í Laxá í Döllum 1999 - 2025. | 8 |
| 6. mynd. Göngur laxfiska um fisktelja í fiskveginum við Sólheimafoss í Laxá í Döllum 2025... .. | 8 |
| 7. mynd. Lengdardreifing göngunnar í cm um teljarann í Sólheimafossi í Döllum 2025..... | 9 |
| 8. mynd. Meðallengdir aldurshópa laxaseiða á viðmiðunarstöðvum neðan Sólheimafoss í Laxá í Döllum 1985 – 2025. | 12 |
| 9. mynd. Seiðavísitala laxaseiða (fjöldi seiða á hverja 100 m ²) eftir aldurshópum á viðmiðunarstöðvum neðan Sólheimafoss í Laxá í Döllum 1985 – 2025..... | 12 |
| 10. mynd. Frávik meðaltals vatnhita einstaka mánaðar frá meðaltalshita hvers mánaðar yfir tímabilið 2023 – 2025..... | 13 |

Töfluskrá

| | |
|---|----|
| Tafla 1. Stangaveiðinni í Laxá í Döllum árið 2025 skipt eftir tegundum og laxi eftir sjávaraldri. 4 | |
| Tafla 2. Laxveiðin í Laxá í Döllum 2025 eftir sjávaraldri og kyni. Sýnt er meðaltal þyngdar (kg) og lengdar (cm)..... | 5 |
| Tafla 3. Stangveiði á silungi og hnúðlaxi í Laxá í Döllum 2025 skráð eftir kyni. Sýnt er meðaltal þyngdar (kg) og lengdar (cm)..... | 5 |
| Tafla 4. Ganga laxa um teljarann í Sólheimafossi í Laxá í Döllum 2020 – 2025..... | 9 |
| Tafla 5. Áætlaður hrognafjöldi í Laxá ofan Sólheimafoss 2025..... | 9 |
| Tafla 6. Áætlaður hrognafjöldi í Laxá og Skeggjagili ofan Sólheimafoss 2020 – 2025. | 10 |
| Tafla 7. Meðallengd (MI), staðalfrávik (SD) og fjöldi (Fj) laxaseiða í seiðamælingum í Laxá í Döllum 29. ág. og 1. sept.2025. | 11 |
| Tafla 8. Meðallengd (MI), staðalfrávik (SD) og fjöldi (Fj) urriðaseiða í seiðamælingum í Laxá í Döllum 29. ág. og 1. sept.2025. | 11 |
| Tafla 9. Þéttleikavísitala ferskvatnsfiska (fj/100 m ²) í seiðamælingum í Laxá í Döllum 29. ág. og 1. sept.2025..... | 11 |
| Tafla 10. Holdastuðull ($K = \text{þyngd}/\text{lengd}^3 \cdot 100$) laxa- og urriðaseiða eftir aldri, ásamt staðalfrávik (SD) og fjölda sýna (Fj.) í seiðamælingum í Laxá í Döllum 29. ág. og 1. sept.2025. | 13 |

1 Inngangur

Laxá í Dölum er ein af 10 bestu laxveiðiám á Íslandi og er meðalveiði tímabilsins 1984 – 2024 1.133 laxar (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2025). Lax er ríkjandi fisktegund á vatnasvæðinu og hefur skipulögð veiðinýting í ánni verið stunduð um langt skeið og var veiðifélag Laxdæla stofnað árið 1935. Veiðitímabilið í Laxá er frá 24. júní – 30. september og veitt er á 4 - 6 stangir (misjafnt innan veiðitímans) og eru fluguveiðar eingöngu leyfðar. Skráðir veiðistaðir eru 39 og er sá neðsti skammt ofan við ós árinna í Hvammsfjörð og sá efsti rétt neðan við Sólheimafoss (Ásta Kristín Guðmundsdóttir, 2022). Sólheimafoss var ófiskgengur til ársins 2019 en þá var fiskvegur fleygaður við fossinn og hefur lax gengið upp fyrir foss frá þeim tíma (Sigurður Már Einarsson ofl., 2025).

Fyrstu seiðarannsóknir voru gerðar í Laxá árið 1979 (Þórir Dan, 1979). Eftir það voru rannsóknir gerðar af og til næstu áratugina en frá 2013 hefur seiðaframleiðsla Laxár verið vöktuð árlega (Sigurður Már Einarsson, ofl. 2025). Fylgst hefur verið með þróun laxveiðinnar með greiningu á veiðitölum og hrygning í ánni hefur verið metin í meðalfjölda hrognna á hverja flatareiningu botns (Sigurður Már Einarsson ofl, 2024) en botngerðarmat með tilliti til framleiðslugildis búsvæða neðan við Sólheimafoss liggur fyrir (Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir, 2017). Eftir að lax hóf að ganga upp fyrir Sólheimafoss hefur hrognamagn á hvern fermetra verið reiknað á efra svæðinu út frá áætluðu flatarmáli búsvæða (Sigurður Már Einarsson ofl, 2024; 2025). Laxá í Dölum er ein af þeim ám sem vöktuð er vegna mögulegrar erfðablöndunar vegna strokulaxa frá sjókvíaeldi (Ragnar Jóhannsson o.fl. 2017). Fjölmargar skýrslur liggja fyrir um rannsóknir á framvindu fiskstofna á vatnasvæðinu (Sigurður Már Einarsson o.fl., 2025).

Í þessari skýrslu eru kynntar niðurstöður vöktunarrannsókna á vatnasvæði Laxár í Dölum árið 2025 ásamt ráðgjöf er varðar veiðinýtingu í ánni.

2 Aðferðir

2.1 Stangveiði

Stangveiði ársins í Laxá í Dölum var skráð í veiðigagnagrunn Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu. Þar eru skráðar upplýsingar um hvern veiddan fisk, svo sem tegund, veiðistað, lengd, þyngd, hvort að fiski sé sleppt eða ekki og agn. Veiðin árið 2025 var tekin saman eftir tegund, veiði (fjöldi fiska), afla (fiskum sem er landað) og hversu miklu sleppt er í veiðinni (veitt og sleppt). Ef upplýsingar liggja fyrir um veidda fiska sem ekki eru skráðir í veiðibók, heldur sendir til rannsókna á Hafrannsóknastofnun, er fjöldi þeirra getið í niðurstöðum.

Stangveiðin var sundurliðuð eftir kyni og sjávaraldri auk þess sem meðalþyngd og kynjahlutföll hvers flokks um sig voru tilgreind. Mörkin á milli smálaxa (eitt ár í sjó) og stórlaxa (tvö ár eða lengur í sjó) voru skilgreind óháð kyni þannig að lax undir 70 cm væri smálax en lax 70 cm og stærrí væri stórlax. Þeir fiskar sem einungis hafa skráða lengd í veiðibókum er gefin reiknuð þyngd út frá þekktu sambandi lengdar og þyngdar ($\text{þyngd} = 0,00002159 * \text{lengd}^{2,83307}$) (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2018).

Í veiðigögnum getur verið skörun á stærðardreifingu smálaxa og stórlaxa, þannig að stór smálax flokkast sem stórlax og smár stórlax sem smálax. Laxar sem koma til endurtekinnar hrygningar ná oft ekki stórlaxastærð og eru því taldir í veiði sem smálaxar. Við úrvinnslu er afli skilgreindur sem fiskur sem er landað, en veiði er öll veiði, þ. m. t. fiskur sem sleppt er aftur að lokinni veiði.

Langtímagögn (1974 – 2024) um stangveiðina á vatnasvæði Laxár í Dölum voru fengin úr veiðigagnagrunni Hafrannsóknastofnunar og veiði ársins 2025 borin saman við meðaltal tímabilsins.

2.2 Fisktalning

Árvaka fiskteljara var komið fyrir í fiskveginum við Sólheimafoss 2. júní 2025 og tekinn aftur upp þann 19. október. Við eftirlit 29. ágúst kom í ljós bilun í búnaðinum og var hann því fjarlægður og komið í viðgerð. Teljaranum var aftur komið fyrir 11. september. Búnaðurinn nemur þá fiska sem synda í gegnum teljararammann með innrauðu ljósi, tekur af þeim skuggamynd og skráir breidd (hæð) fisksins. Góð tengsl eru á milli breiddar og lengdar (hæðar/lengdarstuðull) laxfiska og var stuðullinn 6,0 notaður til að reikna út lengd fiskanna skv. skráningum í teljara. Ákvarða þarf lengdarmörk fyrir skiptingu göngunnar í silung, smálax og stórlax. Áætlað var að göngufiskur 52 cm og smærri væri silungur (bleikja/urriði), smálax (1 ár í sjó) væri á bilinu 53 – 70 cm og stórlax (2 ár í sjó) væri 71 cm og stærri.


2.3 Hroгнаútreikningur

Heildarfjöldi hroгна í hrygningargöngu laxa upp á svæðið ofan við Sólheimafoss 2025 var áætlaður. Gert var ráð fyrir sama kynjahlutfalli í göngunni og kom fram í veiðiskýrslu um laxveiðina í Laxá í Dölum 2025. Þannig var áætlaður heildarfjöldi hrygna, bæði smálaxa og stórlaxa, sem gekk upp fyrir teljarann. Út frá sambandi hroгнаfjölda og þyngdar hjá smálaxi og stórlaxi (Þórólfur Antonsson ofl., 2002) var fjöldi hroгна hjá hverri hrygnu reiknaður og stuðst var við áætlaða meðalþyngd hrygna úr veiðinni í Laxá, bæði fyrir smálax og stórlax. Reiknaður var út fjöldi hroгна á fjölda fermetra á laxaberandi búsvæðum ofan Sólheimafoss; þ.e. í Laxá og í Skeggjagili, en flatarmál þeirra hefur verið áætlað 100.000 m² (Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir, 2021). Hlutfall stórlaxahroгна af heildarhroгнаfjöldanum var reiknað og fjöldi hroгна var borinn saman við meðaltal árána 2020 – 2025.

2.4 Seiðarannsóknir

Seiðamælingar voru gerðar með rafveiðum í Laxá í Dölum 29. ágúst og 1. september 2025. Á svæðinu neðan Sólheimafoss var að venju veitt á sex stöðvum; þremur í Laxá og þremur í hliðarám hennar (1. mynd; Viðauki 1) og eru þær jafnframt viðmiðunarstöðvar vegna langtímameðaltals. Ofan Sólheimafoss var veitt á þremur stöðvum; í Laxá við Svalhöfða, í Skeggjagili og í Laxárlæk (1. mynd, Viðauki 1). Almennt er reynt að miða við að veitt sé á sömu stöðum og á svipuðum tíma ár hvert til að gögn séu sem sambærilegust milli ára. Öll seiði voru lengdarmæld (cm) og vegin (g) ef þess var kostur auk þess sem nokkur seiði á hverri stöð voru krufin til sýnatöku á kvörnum, magainnihaldi og til kyngreiningar. Öðrum seiðum var sleppt aftur í ána að loknum lengdar- og þyngdarmælingum. Kvarnir voru notaðar til aldursgreiningar og í framhaldinu var aldur ókrufinna seiða metinn út frá lengd. Meðallengd (cm) allra aldurshópa seiða var reiknuð auk þéttleikavísitölu (fjöldi seiða á 100/m²) og niðurstöður bornar saman við langtímagögn. Holdastuðull ($K=100 \cdot \text{þyngd}/\text{lengd}^3$) (Bagenal og Tesch, 1978) seiða var reiknaður eftir aldurshópum, annarsvegar fyrir lax og hinsvegar fyrir urriða. Aðferðum

við rafveiðar hefur áður verið ítarlega lýst (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2012).



1. mynd. Kort af vatnasvæði Laxár í Dölum. Rafveiðistaðir eru sýndir með númerum (501 og 503 voru ekki veiddir 2025).

2.5 Vatnshiti

Mælingar á vatnshita Laxár í Dölum með síritandi hitamæli (DST centi-T, +/- 0,1°C nákvæmni) hófust í nóvember árið 2022 og gögn ná til loka september 2025. Mælirinn er staðsettur skammt frá Mjóhyl sem er veiðistaður nálægt neðstu vöktunarstöð (stöð 1,5) seiðamælinga í ánni. Mælirinn var færður lítið eitt ofar í ána sumarið 2025, upp við klett á suðurbakka árinna (Viðauki 1). Hitamælirinn skráir vatnshitann einu sinni á klukkustund á hverjum heilum tíma. Meðaltalshiti hvers mánaðar er reiknaður og hitafrávik mánaða frá meðaltali tímabilisins skoðað.

3 Niðurstöður

3.1 Stangveiði

Í stangveiðinni í Laxá í Dölum 2025 veiddust 775 laxar og skiptist veiðin í 558 smálaxa (72,0%) og 217 stórlaxa (28,0%), en auk þess voru skráðir í veiðibók 28 urriðar, 14 bleikjur og 13 hnúðlaxar (Tafla 1). Til viðbótar veiddust 18 hnúðlaxar sem ekki voru skráðir í veiðibók en færðir voru Hafrannsóknastofnun til frekari rannsókna.

Í Laxá í Dölum er hlutdeild þess að veiða og sleppa laxi mikil og var öllum stórlöxum, að fjórum undanskildum, sleppt og tæplega 80% smálaxa (Tafla 1). Hluta af heildarveiði bleikju og urriða var sleppt (Tafla 1).

Tafla 1. Stangaveiðinni í Laxá í Dölum árið 2025 skipt eftir tegundum og laxi eftir sjávaraldri. Hlutfall fiska sem sleppt var aftur er sýnt. Afli er landaður fiskur.

| Tegund | Afli | Sleppt | Veiði | Sleppt (%) |
|----------|------|--------|-------|------------|
| Bleikja | 9 | 5 | 14 | 35,7 |
| Hnúðlax | 13 | 0 | 13 | 0,0 |
| Smálax | 115 | 443 | 558 | 79,4 |
| Stórlax | 4 | 213 | 217 | 98,2 |
| Lax alls | 119 | 656 | 775 | 84,6 |
| Urriði | 16 | 12 | 28 | 42,9 |

Af kyngreindum löxum úr stangveiðinni voru hrygnur í minnihluta, bæði hjá smálöxum og stórlöxum (Tafla 2). Áætluð meðalþyngd smálaxa var 2,67 kg og stórlaxa 5,09 kg en rétt er að taka fram að einungis 4 laxar voru með skráða þyngd og því byggir meðaltalið á áætluðu sambandi lengdar og þyngdar hjá laxi (sjá Aðferðir) (Tafla 2). Lítil hluti silungsveiðinnar (bleikja og urriði) var kyngreindur og enginn fiskur var þyngdarmældur. Áætluð meðalþyngd á bleikju og urriða er sett fram með fyrirvara þar sem áfram er stuðst við samband lengdar og þyngdar hjá laxi. Samkvæmt því mati var áætluð meðalþyngd á bleikju 0,65 kg og á urriða 1,02 kg (Tafla 3). Hnúðlaxarnir skiptust í níu hænga og fjórar hrygnur (Tafla 3).

Lengdardreifing bleikjanna í stangveiðinni var á bilinu 28 – 50 cm en algengasta mælingin var 30 cm (2. mynd). Áætluð meðallengd bleikjanna var 37,1 cm (Tafla 3).

Hnúðlaxarnir voru á bilinu 45 – 65 cm og algengasta mælingin 55 cm (2. mynd). Áætluð meðallengd hnúðlaxa var 58,4 cm (Tafla 3).

Smálaxarnir voru á bilinu 50 – 69 cm en algengustu lengdirnar voru 60, 62 og 65 cm (2. mynd). Áætluð meðallengd smálaxa var 62,7 cm (Tafla 2). Stórlaxarnir voru á bilinu 70 – 95 cm og voru algengustu lengdirnar 70, 72 og 75 cm en einnig var töluverður hópur á bilinu 80 – 86 cm (2. mynd). Meðallengd stórlaxa var áætluð 78,3 cm (Tafla 2).


Urriðarnir voru á bilinu 30 – 56 cm og algengasta mælingin var 40 cm (2. mynd). Áætluð meðallengd urriða var 44,0 cm (Tafla 3).

Tafla 2. Laxveiðin í Laxá í Döllum 2025 eftir sjávaraldri og kyni. Sýnt er meðaltal þyngdar (kg) og lengdar (cm) skv. mælingu og áætlun ásamt heildarþyngd (kg).

| Kyn | Fjöldi | Mæld_meðalþyngd | Áætluð_meðalþyngd | Mæld_meðallengd | Áætluð_meðallengd | Heildarþyngd | Kyn (%) |
|----------------|------------|-----------------|-------------------|-----------------|-------------------|-----------------|---------|
| Smálax | | | | | | | |
| Hængur | 362 | 2,31 | 2,68 | 62,78 | 62,78 | 961,41 | 67,41 |
| Hrygna | 175 | | 2,64 | 62,43 | 62,43 | 454,60 | 32,59 |
| Óþekkt | 21 | | 2,74 | 63,29 | 63,29 | 57,57 | |
| Alls | 558 | 2,31 | 2,67 | 62,69 | 62,69 | 1.473,58 | |
| Stórlax | | | | | | | |
| Hængur | 111 | | 4,88 | 77,14 | 77,14 | 541,55 | 54,15 |
| Hrygna | 94 | | 5,38 | 80,00 | 80,00 | 505,80 | 45,85 |
| Óþekkt | 12 | | 4,75 | 76,42 | 76,42 | 57,05 | |
| Alls | 217 | | 5,09 | 78,34 | 78,34 | 1.104,40 | |

Tafla 3. Stangveiði á silungi og hnúðlaxi í Laxá í Döllum 2025 skráð eftir kyni. Sýnt er meðaltal þyngdar (kg) og lengdar (cm) skv. mælingu og áætlun ásamt heildarþyngd (kg).

| Kyn | Fjöldi | Mæld_meðalþyngd | Áætluð_meðalþyngd | Mæld_meðallengd | Áætluð_meðallengd | Heildarþyngd | Kyn (%) |
|----------------|-----------|-----------------|-------------------|-----------------|-------------------|--------------|---------|
| Bleikja | | | | | | | |
| Hrygna | 3 | | 0,55 | 34,67 | 34,67 | 1,64 | 100,00 |
| Óþekkt | 11 | | 0,68 | 37,73 | 37,73 | 7,53 | |
| Alls | 14 | | 0,65 | 37,07 | 37,07 | 9,17 | |
| Hnúðlax | | | | | | | |
| Hængur | 9 | | 2,33 | 59,38 | 59,38 | 18,63 | 69,23 |
| Hrygna | 4 | | 2,06 | 56,50 | 56,50 | 8,26 | 30,77 |
| Alls | 13 | | 2,24 | 58,42 | 58,42 | 26,88 | |
| Urriði | | | | | | | |
| Hængur | 3 | | 0,75 | 39,00 | 39,00 | 2,25 | 42,86 |
| Hrygna | 4 | | 1,13 | 46,00 | 46,00 | 4,53 | 57,14 |
| Óþekkt | 21 | | 1,04 | 44,35 | 44,35 | 20,89 | |
| Alls | 28 | | 1,02 | 44,00 | 44,00 | 27,66 | |




2. mynd. Lengdardreifing stangveiðinnar eftir tegundum í Laxá í Döllum 2025.


Laxveiðin í Laxá 2025 (775 fiskar) var um 43% minni en veiðin 2024 (1.365) og 23,2% undir meðaltali tímabilsins 1974 – 2024 (1.009) (3. mynd).

Hlutdeild stórlaxa í laxveiðinni í Laxá hefur aukist undanfarnin ár (4. mynd) og var 28% árið 2025 en meðaltal tímabilsins 1974 – 2025 er 27,6%. Yfir tímabilið 1998 – 2015 var hlutfall stórlaxa í veiðinni mikið lægra en áður þekktist eða um 11% að meðaltali. Frá 1974 og fram undir 1987 var hlutfall stórlaxa oft á tíðum í kringum 50% og á tímabilinu 1974 – 1997 var hlutdeild stórlaxa að meðaltali ríflega 42%.


Byrjað var að sleppa lifandi laxi (veiða og sleppa) úr stangveiðinni í Laxá árið 2002 (5. mynd). Hlutdeild þess að veiða og sleppa var dræm fram til ársins 2013 en árið 2014 var helmingi veiðinnar sleppt. Frá árinu 2015 hefur hlutdeild þess að veiða og sleppa farið vaxandi og var hún sú mesta frá upphafi árið 2025 (84,6%) (5. mynd).



3. mynd. Laxveiði í Laxá í Dölum 1974 – 2025. Lárétt lína sýnir meðaltal 1974 - 2024 (1.009 laxar).




4. mynd. Hlutfall smálaxa og stórlaxa af heildarveiði í stangveiðinni í Laxá í Dölum 1974 – 2025.




5. mynd. Hlutdeild þess að veiða og sleppa af heildarveiði í stangveiðinni í Laxá í Dölum 1999 - 2025.

3.2 Fisktalning við Sólheimafoss

Fiskvegur um Sólheimafoss í Laxá var tekinn í notkun 2019 og hefur ganga laxfiska um fiskveginn verið talin frá 2020. Fiskvegurinn var óvirkur vegna vatnsleysis lengst af sumri 2025 en fiskur í göngu var skráður frá 15. september til 19. október. Skipting göngunnar var á þá leið að áætlað er að 9 silungar, 58 smálaxar og 34 stórlaxar hafi gengið upp fyrir teljarann inn á efra svæði Laxár og Skeggjagils (6. og 7. mynd).



6. mynd. Göngur laxfiska um fisktelja í fiskveginum við Sólheimafoss í Laxá í Dölum 2025 (Silungur = bláar súlur, smálax=grænar súlur og stórlax= gular súlur).



7. mynd. Lengdardreifing göngunnar í cm um teljarann í Sólheimafossi í Dölum 2025. Small=silungur; Medium=smálax; Big=stórlax.

Gangan 2025 var sú mesta (92 laxar) frá upphafi talninga í Laxá en að meðaltali hafa 54 laxar gengið upp fyrir teljarann á ári; 40 smálaxar og 15 stórlaxar (Tafla 4).

Tafla 4. Ganga laxa um teljarann í Sólheimafossi í Laxá í Dölum 2020 – 2025. Sýnd er skipting göngunnar í smálax og stórlax og meðalganga á ári reiknuð yfir tímabilið.

| Ár | Smálax | Stórlax | Samtals |
|----------|--------|---------|---------|
| 2020 | 50 | 26 | 76 |
| 2021 | 30 | 7 | 37 |
| 2022 | 66 | 10 | 76 |
| 2023 | 7 | 4 | 11 |
| 2024 | 26 | 6 | 32 |
| 2025 | 58 | 34 | 92 |
| Meðaltal | 40 | 15 | 54 |

3.3 Hrygningarstofn ofan Sólheimafoss

Áætlað var að 19 smálaxahrygnur og 16 stórlaxahrygnur hafi tekið þátt í hrygningu ofan Sólheimafoss haustið 2025 (Tafla 5). Hrognafjöldi á efra svæðinu er metinn 305.734 hrogn (Tafla 5). Áætlað er að búsvæði sem opnast hafa ofan við Sólheimafoss sé um 100.000 m² að flatarmáli og hrognamagn/m² haustið 2025 því reiknað 3,06 hrogn/m² (Tafla 4).

Yfir tímabilið 2020 – 2025 er hrognafjöldi laxa í hrygningunni áætlaður að meðaltali 168.956 hrogn sem svarar til 1,69 hrogn/m² að meðaltali (Tafla 5).

Tafla 5. Áætlaður hrognafjöldi í Laxá ofan Sólheimafoss 2025. Kynjahlutfall í göngunni er áætlað eftir skiptingu í veiðiskýrslu. Engin veiði fór fram fyrir ofan Sólheimafoss. Hrogn/m² er hrognafjöldi á hvern fermetra af botnfleti árinna fyrir ofan Sólheimafoss (flatarmál áætlað 100.000 m²).

| Ofan Sólheimafoss | Smálax | | | Stórlax | | | Samtals |
|--------------------------|---------|--------|---------|---------|--------|---------|---------|
| | Hrygna | Hængur | Samtals | Hrygna | Hængur | Samtals | |
| Laxaganga (fj) | 19 | 39 | 58 | 16 | 18 | 34 | 92 |
| Afli (fj) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Eftirlifandi fiskar (fj) | 19 | 39 | 58 | 16 | 18 | 34 | 92 |
| Hrogn (fj) | 118.585 | | | 187.150 | | | 305.734 |
| Hlutfall % | 38,8 | | | 61,2 | | | |
| Hrogn/m ² | 1,19 | | | 1,87 | | | 3,06 |

Tafla 6. Áætlaður hrognafjöldi í Laxá og Skeggjagili ofan Sólheimafoss 2020 – 2025.

| Ár | Hrognafjöldi | | | Fjöldi hrogna/m ² | | | Stórlaxa- hrogn % |
|----------|--------------|---------|---------|------------------------------|---------|---------|----------------------|
| | Smálax | Stórlax | Samtals | Smálax | Stórlax | Samtals | |
| 2020 | 121.333 | 166.196 | 287.529 | 1,21 | 1,66 | 2,88 | 57,8 |
| 2021 | 60.017 | 44.666 | 104.684 | 0,60 | 0,45 | 1,05 | 42,7 |
| 2022 | 130.290 | 69.646 | 199.937 | 1,30 | 0,70 | 2,00 | 34,8 |
| 2023 | 11.552 | 24.391 | 35.943 | 0,12 | 0,24 | 0,36 | 67,9 |
| 2024 | 55.595 | 24.316 | 79.911 | 0,56 | 0,24 | 0,80 | 30,4 |
| 2025 | 118.585 | 187.150 | 305.734 | 1,19 | 1,87 | 3,06 | 61,2 |
| Meðaltal | 82.895 | 86.061 | 168.956 | 0,83 | 0,86 | 1,69 | 49,1 |

3.4 Seiðarannsóknir

Í seiðamælingum á vatnasvæði Laxár í Dölum veiddust samtals 489 laxaseiði af fjórum aldurshópum (0+ - 3+) (Tafla 7) og 45 urriðaseiði af þremur aldurshópum (0+ - 2+) (Tafla 8).

Meðallengdir laxaseiða ofan við Sólheimafoss (st. 7, 8 og 9) voru meiri en meðallengdir seiða á svæðinu neðan við foss (st. 1,5 – 6,5) (Tafla 7). Meðallengdir urriðaseiða voru meiri neðan við foss en ofan við hann (Tafla 8).

Langtímameðaltal seiðamælinga í Laxá er reiknað út frá stöðvum neðan Sólheimafoss og voru sumargömlu (0+) laxaseiðin 2025 0,1 cm undir meðaltali en eldri aldurshópar laxaseiða voru allir ýmist 0,5 eða 0,6 cm undir meðaltali (8. mynd).

Samanlögð seiðavísitala (meðaltal stöðva) laxaseiða neðan við Sólheimafoss árið 2025 var 69,3/100 m² (Tafla 9) sem er annar hæsti þéttleikinn sem mælst hefur á svæðinu (Viðauki 3). Hæst var vísitalan hjá veturgömlum (1+) seiðum (30,5/100 m²) og næst hæst hjá sumargömlum (0+) seiðum (26,6/100 m²). Ef frá eru talin tveggja vetra (2+) seiðin þá voru allir aldurshópar laxaseiða langt fyrir ofan meðaltal í seiðapéttleika (9. mynd; Viðauki 3). Tveggja vetra (2+) seiðin voru hinsvegar töluvert undir meðaltali.

Samanlögð seiðavísitala laxaseiða ofan við foss var 28,0/100 m² þar sem yngstu tveir aldurshóparnir mældust með seiðavísitölu um og yfir 10/100 m² en tveggja vetra (2+) seiðin mældust með seiðavísitölu 7,4/100 m² (Tafla 9).

Samanlögð seiðavísitala urriða neðan við Sólheimafoss var 4,1/100 m² en ofan við foss mældist hún 11,7/100 m², hæst í Laxárlæk (32,9/100 m²) og var þéttleiki veturgömlu seiðanna (1+) mestur (28,0/100 m²) (Tafla 9).

Holdastuðull laxaseiða var frá 1,0 – 1,1 eftir aldurshópum, að meðaltali 1,0 og holdastuðull urriðaseiða var frá 1,1 – 1,3 eftir aldurshópum, að meðaltali 1,1 (Tafla 10).

Tafla 7. Meðallengd (MI), staðalfrávik (SD) og fjöldi (Fj) laxaseiða í seiðamælingum í Laxá í Dölum 29. ág. og 1. sept.2025. Stöðvar 7 – 9 eru fyrir ofan Sólheimafoss.


| Rafveiðistöðvar | | 0+ | | | 1+ | | | 2+ | | | 3+ | | | Samtals fjöldi |
|------------------------------|----------------------|-----|-----|------|-----|-----|------|-----|----|------|------|----|------|----------------|
| Nr. | Heiti | MI | Fj | SD | MI | Fj | SD | MI | Fj | SD | MI | Fj | SD | |
| 1,5 | Mjóhýlur | 3,9 | 36 | 0,19 | 5,9 | 25 | 0,51 | 8,8 | 14 | 0,63 | 10,4 | 1 | | 76 |
| 2,5 | Þrándargil f.n. ræsi | 3,6 | 27 | 0,52 | 6,0 | 41 | 0,54 | 8,9 | 6 | 0,50 | 11,0 | 6 | 1,20 | 80 |
| 4,3 | Sámsstaðir neðri | 4,0 | 43 | 0,41 | 5,5 | 19 | 0,21 | 7,8 | 4 | 0,50 | 10,5 | 2 | 0,49 | 68 |
| 5 | Hólkotsá | 4,3 | 2 | 0,57 | 6,5 | 21 | 0,49 | 8,6 | 4 | 0,54 | 9,7 | 3 | 0,12 | 30 |
| 6 | F.n. Sólheimafoss | 3,9 | 24 | 0,36 | 5,3 | 17 | 0,40 | 7,1 | 8 | 0,56 | 9,7 | 4 | 0,32 | 53 |
| 6,5 | Hólmavatnsá | 3,5 | 28 | 0,36 | 5,9 | 37 | 0,43 | 7,5 | 10 | 0,38 | 9,8 | 11 | 0,77 | 86 |
| 7 | Svalhöfði | 4,5 | 31 | 0,16 | 6,5 | 32 | 0,44 | 9,1 | 7 | 0,46 | | | | 70 |
| 8 | Skeggjagil við tún | | | | 6,9 | 2 | 0,42 | 9,5 | 12 | 1,02 | | | | 14 |
| 9 | Laxárlækur | 4,9 | 2 | 0,21 | 6,8 | 2 | 0,14 | 9,0 | 8 | 0,84 | | | | 12 |
| Neðan Sólheimafoss (1,5-6,5) | | 3,8 | 160 | 0,42 | 5,9 | 160 | 0,56 | 8,1 | 46 | 0,86 | 10,1 | 27 | 0,90 | 393 |
| Ofan Sólheimafoss (7-9) | | 4,6 | 33 | 0,18 | 6,6 | 36 | 0,43 | 9,2 | 27 | 0,86 | | | | 96 |

Tafla 8. Meðallengd (MI), staðalfrávik (SD) og fjöldi (Fj) urriðaseiða í seiðamælingum í Laxá í Dölum 29. ág. og 1. sept.2025. Stöðvar 7 – 9 eru fyrir ofan Sólheimafoss.


| Rafveiðistöðvar | | 0+ | | | 1+ | | | 2+ | | | Samtals fjöldi |
|------------------------------|----------------------|-----|----|------|-----|----|------|-----|----|------|----------------|
| Nr. | Heiti | MI | Fj | SD | MI | Fj | SD | MI | Fj | SD | |
| 1,5 | Mjóhýlur | | | | 7,3 | 1 | | | | | 1 |
| 2,5 | Þrándargil f.n. ræsi | 5,8 | 8 | 1,68 | 9,7 | 1 | | | | | 9 |
| 4,3 | Sámsstaðir neðri | | | | | | | | | | 0 |
| 5 | Hólkotsá | | | | | | | | | | 0 |
| 6 | F.n. Sólheimafoss | | | | | | | | | | 0 |
| 6,5 | Hólmavatnsá | | | | 8,4 | 4 | 0,38 | | | | 4 |
| 7 | Svalhöfði | | | | | | | | | | 0 |
| 8 | Skeggjagil við tún | | | | 7,7 | 4 | 0,10 | | | | 4 |
| 9 | Laxárlækur | 5,2 | 2 | 0,00 | 6,6 | 23 | 0,55 | 9,5 | 2 | 0,07 | 27 |
| Neðan Sólheimafoss (1,5-6,5) | | 5,8 | 8 | 1,68 | 8,5 | 6 | 0,81 | | | | 14 |
| Ofan Sólheimafoss (7-9) | | 5,2 | 2 | 0,00 | 6,8 | 27 | 0,65 | 9,5 | 2 | 0,07 | 31 |

Tafla 9. Þéttleikavísitala ferskvatnsfiska (fj/100 m²) í seiðamælingum í Laxá í Dölum 29. ág. og 1. sept.2025. Stöðvar 7 – 9 eru fyrir ofan Sólheimafoss.

| Rafveiðistöðvar | | Svæði m ² | Lax | | | | | Urriði | | | |
|--|----------------------|----------------------|------|------|------|------|---------|--------|------|-----|---------|
| Nr. | Heiti | | 0+ | 1+ | 2+ | 3+ | Samtals | 0+ | 1+ | 2+ | Samtals |
| 1,5 | Mjóhýlur | 113 | 31,9 | 22,1 | 12,4 | 0,9 | 67,3 | 0,0 | 0,9 | 0,0 | 0,9 |
| 2,5 | Þrándargil f.n. ræsi | 44 | 61,4 | 93,3 | 13,7 | 13,7 | 182,1 | 18,2 | 2,3 | 0,0 | 20,5 |
| 4,3 | Sámsstaðir neðri | 160 | 26,9 | 11,9 | 2,5 | 1,2 | 42,5 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 5 | Hólkotsá | 137 | 1,5 | 15,4 | 2,9 | 2,2 | 22,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 6 | F.n. Sólheimafoss | 150 | 16,0 | 11,3 | 5,3 | 2,7 | 35,2 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 6,5 | Hólmavatnsá | 128 | 21,8 | 28,8 | 7,8 | 8,6 | 67,1 | 0,0 | 3,1 | 0,0 | 3,1 |
| 7 | Svalhöfði | 113 | 27,5 | 28,4 | 6,2 | 0,0 | 62,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 8 | Skeggjagil við tún | 191 | 0,0 | 1,0 | 6,3 | 0,0 | 7,3 | 0,0 | 2,1 | 0,0 | 2,1 |
| 9 | Laxárlækur | 82 | 2,4 | 2,4 | 9,7 | 0,0 | 14,6 | 2,4 | 28,0 | 2,4 | 32,9 |
| Meðalt. stöðva neðan Sólh.foss (1,5 - 6,5) | | | 26,6 | 30,5 | 7,4 | 4,9 | 69,3 | 3,0 | 1,0 | 0,0 | 4,1 |
| Meðalt. stöðva ofan Sólh.foss (7 - 9) | | | 10,0 | 10,6 | 7,4 | 0,0 | 28,0 | 0,8 | 10,0 | 0,8 | 11,7 |



8. mynd. Meðallengdir aldurshópa laxaseiða á viðmiðunarstöðvum neðan Sólheimafoss í Laxá í Dölum 1985 – 2025. Athugið að gildi á y-ás eru breytileg eftir aldurshópum og seiðamælingar eru ekki samfelldar yfir tímabilið.




9. mynd. Seiðavísitala laxaseiða (fjöldi seiða á hverja 100 m²) eftir aldurshópum á viðmiðunarstöðvum neðan Sólheimafoss í Laxá í Dölum 1985 – 2025. Athugið að fjöldi á y-ás er breytilegur eftir aldurshópum og seiðamælingar eru ekki samfelldar yfir tímabilið.

Tafla 10. Holdastuðull ($K = \text{þyngd}/\text{lengd}^3 \cdot 100$) laxa- og urriðaseiða eftir aldri, ásamt staðalfrávik (SD) og fjölda sýna (Fj.) í seiðamælingum í Laxá í Dölum 29. ág. og 1. sept. 2025.

| Ferskvatns- aldur (ár) | Lax | | | Urriði | | |
|---------------------------|-----|-----|------|--------|----|------|
| | K | Fj | SD | K | Fj | SD |
| 0+ | 1,1 | 122 | 0,14 | 1,2 | 10 | 0,11 |
| 1+ | 1,0 | 160 | 0,08 | 1,1 | 30 | 0,07 |
| 2+ | 1,1 | 64 | 0,09 | 1,3 | 2 | 0,15 |
| 3+ | 1,1 | 19 | 0,08 | | | |
| Alls | 1,0 | 365 | 0,10 | 1,1 | 42 | 0,09 |

3.5 Vatnshiti

Samfelld gagnaröð vatnshitamælinga í Laxá nær frá desember 2022 út september 2025. Mikill munur var á vatnshita sumarið 2024 samanborið við 2025. Kalt var í veðri vor og sumar 2024 en árið 2025 var maí einstaklega hlýr og sumarið að júní undanskildum vel yfir meðalhita (10. mynd).



10. mynd. Frávik meðaltals vatnhita einstaka mánaðar frá meðaltalshita hvers mánaðar yfir tímabilið 2023 – 2025.

4 Umræður

Í bráðabirgðatölum Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu kemur fram að stangveiði á villtum laxi í ám á Íslandi árið 2025 hafi dregist saman um 33% á milli ára og er einnig um 33% undir meðalveiði frá 1974 (Hafrannsóknastofnun, 2025). Hér er átt við stangveiði þegar búið er að undanskilja fjölda laxa úr hafbeitarsleppingum en ekki hefur verið leiðrétt fyrir þeim fjölda laxa er kunna að veiðast aftur eftir að hafa verið veitt og sleppt. Miklar sveiflur hafa einkennt laxveiðina á landinu öllu í á annan áratug (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2025). Fjöldi laxa sem gengur í árnar ár hvert er m.a. háður fjölda gönguseiða sem halda til sjávar árin á undan og afdrifum þeirra í sjávardvölinni. Almennt hefur dánartala laxa í sjó í Norður Atlantshafi farið vaxandi og eru ástæður þess ekki fyllilega þekktar. Þó má nefna að sýnt hefur verið fram á að hitafar sjávar er einn af lykilþáttum í laxgengd og laxveiði hverju sinni (Olmos ofl., 2020). Laxveiðin í Laxá í Dölum árið 2025 var 22,8% undir meðalveiði (1974 – 2024) (1.009 fiskar) en um 43% minni en veiðin árið 2024 (1.365). Smálaxar í veiðinni 2025 koma úr gönguseiðaárgangi 2024 og líklegt þykir að árgangurinn kunni að hafa orðið fyrir töluverðum afföllum í sjávardvölinni. Mælingar á sjávarhita í júlí 2024 styðja þá kenningu en þá var sjávarhiti á svæðinu milli 60°N - 64°N og 20°W - 35°W að meðaltali 10,4°C í júlí sem er töluvert lægri en sambærileg gildi ársins 2023 þegar meðalhitinn var 11,1°C (Huang ofl., 2017) og smálaxagöngur í kjölfarið (2024) mun betri en 2025 (Hafrannsóknastofnun, 2025).

Hlutfall stórlaxa í stangveiðinni í Laxá í Dölum var 28% og má að líkindum stærstan hluta þeirra rekja til gönguseiðaárgangs 2023. Engum hreistursýnum var safnað í veiðinni í Laxá 2025 en vísbendingar eru um að fjöldi laxa á endurtekinni hrygningu hafi í einhverjum tilfellum verið hlutfallslega hár í laxveiðinni á Vesturlandi 2025. Til að mynda var 45% hreistursýna úr Hörðudalsá af löxum á endurtekinni hrygningargöngu, þ.e. laxar úr gönguseiðaárgangi 2023 (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson, 2026) og í Langá á Mýrum var hlutdeild laxa á endurtekinni hrygningu tæp 22% (óbirt gögn). Því bendir margt til þess að hlutur stórlaxa í laxveiðinni á Vesturlandi 2025 og laxa á endurtekinni hrygningu hafi víða verið þýðingarmikill í veiðinni og vegið upp á móti að því er virðist lítilli smálaxagöngu.

Með rannsóknum á hreistri fást mikilvægar upplýsingar um lífssögulega þætti í laxastofninum. Byrjað var að safna hreistri úr stangveiðinni í Laxá árið 2010 en sýnataka hefur ekki verið samfelld yfir tímabilið. Forsvarsmenn veiðinýtingar á svæðinu eru nú hvattir til að efla söfnun hreistursýna og minnt er á að hægt er að taka sýni af lifandi laxi sem sleppt er aftur í ána (Viðauki 5). Lögð er áherla á að hreistur sé tekið jafnt yfir allan veiðitímann og að sýni séu bæði tekin af smálöxum og stórlöxum. Greining hreistursýna gefur m.a. upplýsingar um aldur í ferskvatni og í sjó ásamt því hvort fiskur sé á endurtekinni hrygningargöngu. Með aldursgreiningu á hreistri er mögulegt að greina á milli þess hvort lax sé kominn af náttúrulegu klaki árinna eða af eldisuppruna, þar sem lax alinn í eldisstöð hefur einungis eitt ár í ferskvatnsfasa en lax af náttúrulegu klaki a.m.k. tvö ár, þó þrjú til fimm ár í ferskvatni sé algengast.

Talsverð hlýindi einkennda íslenska veðráttu sumarið 2025 og löng hitabylgja setti mark sitt á veðurfarið í maí (Veðurstofa Íslands, 2026a, b, c, d, e). Áhrif hlýindanna koma glöggt fram í vöktunarneti Hafrannsóknastofnunar á vatnshita í ám á Vesturlandi. Sem dæmi var mánaðarmeðaltal vatnshita í maí í Laxá í Leirársveit 2,11°C yfir meðaltali (2003 – 2025) (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson, 2026) og í Glanna í Norðurá var meðalhiti í maí 2,28°C yfir meðaltali (2012 – 2025)

(óbirt gögn). Meðalvatnshiti mánaðanna yfir sumartímann í báðum þessum ám að september meðtöldum var vel yfir meðaltali en minnst var frávikíð í júní. Þessar niðurstöður sýna mikinn viðsnúning frá sumrinu 2024 sem var með kaldari sumrum síðan vöktun á vatnshita hófst. Laxá í Dölum hefur einungis verið vöktuð til skamms tíma m.t.t. vatnshita en í niðurstöðum sést hve ólíkt hitafarið var sumrin 2024 og 2025.

Í seiðamælingum á Vesturlandi árið 2025 var ekki óalgengt að sjá meðallengdir seiða í hærra lagi sem eflaust má rekja til hlýindanna. Til að mynda var mikill munur á stærð sumargömlu (0+) seiðanna 2025 í Hörðudalsá og Flekkudalsá samanborið við stærð sama aldurshóps 2024 þegar, kalt var í veðri og vöxtur hægari (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson, 2026a; 2026b). Athygli vekur að niðurstöður seiðamælinga í Laxá í Dölum árið 2025 sýna að meðallengdir aldurshópa laxaseiða voru hvergi yfir langtímameðaltali þrátt fyrir hlýindin, auk þess sem meðallengd veturgömlu (1+) seiðanna var minni en meðallengd sama aldurshóps 2024. Megin skýringin er talin vera sú að kalt veðurfar sumarið 2024 hafi valdið seinkun á klaki og hægum vexti seiða. Þar af leiðandi hefur verið minni munur á lengd yngstu tveggja árganganna sumarið 2025 (1+ seiðin smá og 0+ seiðin stór) sem getur valdið óvenjumikilli skörun í fæðuvali og búsvæðanotkun og því meiri samkeppni milli árganga. Þar sem þéttleiki klakárgangs 2024 (0+) var hátt yfir meðallagi hafa þessi samkeppnisáhrif hugsanlega valdið hægari vexti seiða í Laxá í Dölum, samanborið við vöxt seiða í ám þar sem þéttleiki klakárgangs 2024 var lítill, t.d. í Hörðudalsá og Flekkudalsá (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson, 2026a; 2026b). Ástæða er til að greina nánar áhrif hitastigs á þéttleika og vöxt seiða.

Rétt er að hafa í huga að í langtímagögnum um meðallengdir seiða í Laxá í Dölum er mikill breytileiki hvað varðar tímasetningu mælinganna. Miklu getur munað á lengdum seiða hvort mælingar eru gerðar seinni partinn í ágúst eða í byrjun október. Þó stefnt sé að því að að safna gögnum á svipuðum tíma ár hvert tekst það ekki alltaf. Undanfarin þrjú ár hafa seiðamælingar í Laxá í Dölum verið gerðar í kringum mánaðamótin ágúst/september en frá 2013 voru mælingar gerðar í fimm skipti eftir 20. september og þær seinustu 12. október. Þannig er líklegt að meðallengdir aldurshópanna hafi mælst hærri þau árin þegar seint var mælt. Ólíkur tími sýnatöku í vöktunarmælingum getur því spilað einhvern þátt í því að lengd aldurshópa sé undir langtímameðaltali síðustu ár.

Seiðavísitala yngstu tveggja aldurshópa laxaseiða (0+ og 1+) var hátt yfir meðaltali 2025. Miðað við stærð hrygningargöngunnar 2024 hefði þó jafnvel mátt búast við enn meiri þéttleika sumargömlu seiðanna (0+) 2025. Tveggja vetra seiðin voru svolítið undir meðaltali en sem 0+ seiði (2023) mældust þau í kringum meðaltal. Árið 2013 markar skil í veiðinýtingu á svæðinu en þá var m.a. horfið frá því að leyfa maðkaveiðar seinni hluta veiðitímans og var þá fluga orðið eina leyfilega angið (Ásta Kristín Guðmundsdóttir ofl., 2014). Í framhaldinu var hvatt til þess að veiða og sleppa laxi í auknum mæli og hefur hlutfall þess að veiða og sleppa farið vaxandi fram til dagsins í dag. Þessi þróun endurspeglast án efa í aukinni nýliðun laxaseiða eins og kemur fram á langtímagögnum um seiðavísitölu.

Ganga laxa upp fyrir Sólheimafoss 2025 var sú mesta frá því teljari var tekinn í notkun 2020. Megnið af sumrinu var fiskvegurinn ekki fær göngufiski vegna vatnsleysis og því er ólíklegt að fiskur hafi gengið fyrir uppgvötun bilunar í lok ágúst. Hinsvegar jókst rennsli tímabundið þegar teljarinn var í viðgerð og hugsanlega hafa nokkrir fiskar gengið á því tímabili. Vatnsleysi í fiskveginum hefur líklega átt stóran þátt í lítilli göngu upp fyrir Sólheimafoss árin 2023 og 2024 en óvenju hlýtt og votviðrasamt haust árið 2025 (Veðurstofa Íslands, 2026e) gerði fiski kleyft að ganga upp stigann. Ekki er víst að svo hefði verið

í kaldara eða vatnsminna hausti. Mikilvægt er því að tryggja betra flæði vatns í fiskveginn svo að hann sé minna háður úrkomu líkt og í haustflóðum.

Ráðgjöf

Þéttleiki laxaseiða bendir til að nýting laxastofnins sé með sjálfbærum hætti og ráðlagt er að veiðistjórnun verði með sama sniði og síðustu ár.

Til að fiskvegurinn í Sólheimafossi nýtist sem best þyrfti að tryggja honum meira og stöðugra vatnsmagn. Grípa þarf til aðgerða til að beina meira vatni inn í fiskveginn.

Hvatt er til aukinnar sýnatöku hreisturs úr stangveiðinni, bæði á smálaxi og stórlaxi, sem veitir mikilvægar upplýsingar um lífssögu fiska auk þess að hægt er að greina hvort að fiskar séu af náttúrulegum uppruna eða hvort um strokufiska úr eldi sé að ræða. Erfitt getur verið að greina fiska sem sleppa snemma úr sjókvíældi einungis á útlitseinkennum. Upplýsingar um aðferðir og tilgang hreistursöfnunar má sjá í Viðauka 5.

Lagt er til að botngerð á laxaberandi búsvæðum ofan Sólheimafoss verði metin og kannað hversu langt útbreiðsla laxa í Skeggjagili náí.

Þakkir

Stjórn Veiðifélags Laxdæla er þakkað gott samstarf. Sigurður Óskar Helgason aðstoðaði við upptöku teljara í Sólheimafossi og las yfir handrit af skýrslunni og kom með gagnlegar ábendingar. Sigurði Má Einarssyni er þakkað gott samstarf en hann lét af störfum hjá Hafrannsóknastofnun (áður Veiðimálastofnun) um áramótin seinustu eftir áratuga farsæla vinnu við rannsóknir og vöktun laxastofna á Vesturlandi.

Heimildir

- Ásta Kristín Guðmundsdóttir. (2022). Skipting stangveiðinnar í Laxá í Dölum (2012- 2021) á milli veiðistaða og jarða. Hafrannsóknastofnun. KV 2022-1. 20 bls.
- Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson. (2012). Laxá í Dölum 2011. Samantekt um fiskirannsóknir. Veiðimálastofnun. VMST/12025. 12 bls.
- Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Sigurður Már Einarsson og Guðni Guðbergsson. (2014). Laxá í Dölum 2013. Samantekt um fiskirannsóknir. Veiðimálastofnun, VMST/14025. 18. bls.
- Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson. (2026). Vatnasvæði Laxár í Leirársveit 2025. Vöktun á stofnum Laxfiska. HV 2026-08. 30 bls.
- Bagenal, T.B. and Tesch, F.W. (1978). Age and Growth bls. 101-136. Í: IBP Handbook No 3. Methods for Assessment of Fish Production in Fresh Waters, T. Bagenal (ritstj.) Blackwell Scientific Publications. Oxford. Þriðja útgáfa.
- Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson (2018). Lax- og silungsveiði 2017. Haf- og vatnarannsóknir. HV 2018-35. 36 bls.
- Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson (2025). Lax- og silungsveiði 2024. Haf- og vatnarannsóknir. HV 2025-28. 37 bls.
- Ragnar Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson, Agnar Steinarsson og Jón Hlöðver Friðriksson. (2017). Áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi. Haf- og vatnarannsóknir. HV 2017-027. 38 bls.
- Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir (2017). Botngerðarmat á vatnasvæði Laxár í Dölum. Hafrannsóknastofnun. HV 2017-012. 16 bls.
- Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir (2021). Vöktunarrannsóknir á stofnum laxfiska í Laxá í Dölum 2020. Hafrannsóknastofnun. HV 2021-09. 20 bls.
- Sigurður Már Einarsson, Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson (2024). Laxá í Dölum 2023. Vöktun á stofnum laxfiska. HV 2023-13.
- Sigurður Már Einarsson, Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson (2025). Laxá í Dölum 2024. Vöktunarrannsóknir á stofnum laxfiska. Hafrannsóknastofnun. HV 2025-08. 19 bls.
- Veðurstofa Íslands. (2026a). *Tíðarfar í maí 2025*. Skoðað 9. janúar 2026 á <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/tidarfar-i-mai-2025>
- Veðurstofa Íslands. (2026b). *Tíðarfar í júní 2025*. Skoðað 9. janúar 2026 á <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/tidarfar-i-juni-2025>
- Veðurstofa Íslands. (2026c). *Tíðarfar í júlí 2025*. Skoðað 9. janúar 2026 á <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/tidarfar-i-juli-2025>
- Veðurstofa Íslands. (2026d). *Tíðarfar í ágúst 2025*. Skoðað 9. janúar 2026 á <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/tidarfar-i-agust-2025>
- Veðurstofa Íslands. (2026e). *Tíðarfar í september 2025*. Skoðað 9. janúar 2026 á <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/tidarfar-i-september-2025>
- Þórir Dan Jónsson (1979). Athugun á Laxá í Dölum í júní og ágúst 1979. Veiðimálastofnun. Borgarnes. 9 bls.
- Þórólfur Antonsson, Sigurður Már Einarsson og Guðni Guðbergsson. (2002). Veiðiálag, stærð hrygningarstofns og nýliðun í litlum ám. Veiðimálastofnun. VMST-R/0204. 31 bls.

Viðauki 1: GPS staðsetning rafveiðistöðva á vatnasvæði Laxár árið 2025 (WGS 84 format dd,dddd°).


Fiskgengt = 1. Ófiskgengt = 0. Staðsetning vatnshitamælis og fiskvegur er tilgreind.

| Straumvatn | Stöð (nr) | Fiskgengt | Lýsing á stöð | N° | W° |
|--------------|-----------|-----------|-------------------------------|----------|-----------|
| Laxá í Dölum | 1,5 | 1 | Mjóhylur; neðsta stöð | 65,10725 | -21,71997 |
| Prándargil | 2,5 | 1 | Neðan við ræsi | 65,13695 | -21,60863 |
| Laxá í Dölum | 4,3 | 1 | Sámsstaðir neðri | 65,18583 | -21,49203 |
| Hólkotsá | 5 | 1 | Ofan við brú | 65,19247 | -21,46075 |
| Laxá í Dölum | 6 | 1 | Nokkru neðan við Sólheimafoss | 65,20782 | -21,41992 |
| Hólmavatnsá | 6,5 | 1 | Skammt ofan ármóta Laxár | 65,20863 | -21,42012 |
| Laxá í Dölum | 7 | 1 | Á móts við Svalhöfða | 65,20910 | -21,40158 |
| Skeggjagil | 8 | 1 | Sunnan við tún | 65,20620 | -21,36895 |
| Laxárlækur | 9 | 1 | Neðan við Sólheimaafleggjara | 65,21320 | -21,36747 |
| Laxá í Dölum | | | Hitamælir við Mjóhyl | 65,10880 | -21,71985 |
| Laxá í Dölum | | | Fiskvegur í Sólheimafossi | 65,20815 | -21,41087 |

Viðauki 2: Stangveiði í Laxá í Döllum 2025 sundurliðuð eftir tegundum og veiðistöðum,

| Nr | Heiti veiðistaðar | Bleikja | Hnúðlax | Lax | Urriði |
|-----|-----------------------|---------|---------|-----|--------|
| 0 | Óskráð númer/heiti | | | 2 | |
| 15 | Efra Sjávarfljót | | | 1 | |
| 20 | Matarpollur | | 7 | 21 | 9 |
| 30 | Papi | 1 | | 3 | 1 |
| 45 | Doddsnef | | | 4 | |
| 50 | Neðri Kista | | 2 | 36 | 1 |
| 55 | Efri Kista | | 2 | 3 | |
| 60 | Krókur | | | 6 | |
| 70 | Þegjandi | | | 56 | 2 |
| 80 | Þegjandastrengur | | | 3 | |
| 90 | Þegjandakvörn | | 2 | 19 | 1 |
| 95 | Girðing | | | 4 | |
| 100 | Mjóhylur | 1 | | 134 | |
| 110 | Höskuldsstaðastrengur | | | 45 | 4 |
| 115 | Hornsteinar | | | 11 | |
| 120 | Leiðólfsstaðakvörn | | | 10 | |
| 124 | Höfðafliót | | | 6 | |
| 125 | Veiðistaður 125 | | | 5 | 1 |
| 140 | Gíslakvörn | | | 16 | |
| 150 | Kristnipollur | | | 72 | 3 |
| 170 | Lambastaðakvörn | 1 | | 32 | 1 |
| 180 | Svarfhólsgrjót | 1 | | 12 | |
| 190 | Dísubakki | | | 12 | |
| 195 | Bakki | | | 32 | 1 |
| 210 | Grafarbakki | | | 1 | |
| 215 | Gillir | | | 2 | |
| 230 | Drykkjarhylur | | | 4 | 1 |
| 240 | Höfðafliót | | | 82 | |
| 250 | Þjörnskvörn | | | 3 | 1 |
| 260 | Dönustaðagrjót | | | 58 | 2 |
| 270 | Svartfoss | 1 | | 44 | |
| 272 | Silungabreiða | 8 | | 26 | |
| 280 | Hamarsfljót | 1 | | 1 | |
| 290 | Helgabakki | | | 4 | |
| 300 | Helluhylur | | | 3 | |
| 310 | Sólheimafoss | | | 2 | |
| | Samtals | 14 | 13 | 775 | 28 |

Viðauki 3: Stangveiðin (allar tegundir) eftir veiðidögum í Laxá í Döllum 2025.




Viðauki 4. Seiðavísitala laxfiska í Laxá í Döllum 1985 - 2025.

| Ár | Dags. | Fjöldi stöðva | Svæði m ² | Lax | | | | | | Samtals | Bleikja | Urriði |
|----------------------|--------|---------------|----------------------|------|------|------|-----|-----|-----|---------|---------|--------|
| | | | | 0+ | 1+ | 2+ | 3+ | 4+ | 5+ | | | |
| 1985 | 27.júl | 6 | 2080 | 1,3 | 8,9 | 2,0 | 2,8 | 1,1 | 0,0 | 16,1 | 0,1 | 0,1 |
| 1986 | 9.júl | 6 | 1457 | 0,0 | 6,5 | 15,2 | 2,7 | 2,0 | 0,2 | 26,6 | 0,0 | 0,2 |
| 1987 | 30.júl | 7 | 1668 | 12,3 | 19,1 | 8,0 | 6,3 | 0,0 | 0,0 | 45,7 | 0,1 | 0,1 |
| 1998 | 22.sep | 5 | 779 | 7,1 | 32,3 | 8,7 | 4,2 | 0,1 | 0,0 | 36,5 | 0,4 | 0,3 |
| 1999 | 21.sep | 6 | 1462 | 4,2 | 23,7 | 11,2 | 2,2 | 0,0 | 0,0 | 41,3 | 0,8 | 0,5 |
| 2000 | 20.sep | 6 | 1490 | 1,9 | 7,9 | 5,2 | 1,4 | 0,0 | 0,0 | 16,4 | 0,5 | 0,5 |
| 2001 | 16.sep | 6 | 1272 | 7,8 | 10,5 | 11,3 | 2,9 | 0,1 | 0,0 | 32,5 | 0,2 | 0,2 |
| 2002 | 9.sep | 6 | 1565 | 3,6 | 9,8 | 4,5 | 2,5 | 0,0 | 0,0 | 20,4 | 1,0 | 0,5 |
| 2006 | 21.sep | 6 | 1341 | 15,4 | 13,7 | 11,2 | 0,6 | 0,0 | 0,0 | 40,9 | 0,0 | 0,2 |
| 2011 | 11.ágú | 6 | 1136 | 49,5 | 15,7 | 9,6 | 1,2 | 0,0 | 0,0 | 76,0 | 0,0 | 0,5 |
| 2013 | 10.sep | 6 | 1207 | 7,2 | 35,1 | 17,8 | 1,9 | 0,0 | 0,0 | 62,1 | 0,0 | 0,9 |
| 2014 | 11.sep | 6 | 865 | 5,5 | 16,6 | 17,6 | 3,3 | 0,0 | 0,0 | 43,0 | 0,0 | 2,8 |
| 2015 | 25.sep | 6 | 1336 | 6,8 | 14,6 | 8,6 | 3,7 | 0,8 | 0,0 | 34,5 | 0,6 | 10,5 |
| 2016 | 7.sep | 6 | 1244 | 26,8 | 15,5 | 10,0 | 3,6 | 0,3 | 0,0 | 56,1 | 0,0 | 3,4 |
| 2017 | 21.sep | 6 | 1186 | 38,6 | 20,0 | 9,2 | 1,2 | 0,1 | 0,0 | 69,1 | 0,0 | 2,2 |
| 2018 | 12.okt | 6 | 939 | 20,2 | 23,3 | 9,1 | 2,9 | 0,0 | 0,0 | 55,5 | 0,0 | 1,1 |
| 2019 | 2.okt | 6 | 974 | 11,9 | 24,2 | 11,3 | 1,9 | 0,0 | 0,0 | 49,3 | 0,0 | 3,5 |
| 2020 | 2.okt | 6 | 907 | 20,0 | 11,0 | 6,5 | 1,3 | 0,0 | 0,0 | 38,8 | 0,0 | 1,8 |
| 2021 | 7.sep | 6 | 512 | 48,6 | 54,1 | 8,3 | 4,1 | 0,3 | 0,0 | 115,1 | 0,0 | 2,2 |
| 2022 | 9.sep | 6 | 737 | 17,0 | 20,3 | 12,7 | 2,3 | 0,4 | 0,0 | 52,7 | 0,1 | 1,2 |
| 2023 | 31.ágú | 6 | 781 | 18,5 | 35,9 | 8,9 | 4,1 | 0,0 | 0,0 | 67,5 | 0,1 | 1,3 |
| 2024 | 4.sep | 6 | 939 | 25,8 | 21,6 | 9,4 | 1,7 | 0,0 | 0,0 | 58,6 | 0,0 | 2,9 |
| 2025 | 1.sep | 6 | 732 | 26,6 | 30,5 | 7,4 | 4,9 | 0,0 | 0,0 | 69,3 | 0,0 | 4,1 |
| Meðaltal 1985 - 2025 | | | | 16,4 | 20,5 | 9,7 | 2,8 | 0,2 | 0,0 | 48,9 | 0,2 | 1,8 |
| Max gildi | | | | 49,5 | 54,1 | 17,8 | 6,3 | 2,0 | 0,2 | 115,1 | 1,0 | 10,5 |
| Min gildi | | | | 0,0 | 6,5 | 2,0 | 0,6 | 0,0 | 0,0 | 16,1 | 0,0 | 0,1 |

Viðauki 5. Upplýsingar um töku hreistursýna.

Hreistursöfnun úr stangveiðinni er mikilvæg svo hægt sé að meta lífssögulega þætti og aldursamsetningu laxastofnsins hverju sinni. Með aldursgreiningu á hreistri er unnt að meta aldur í ferskvatni, fjölda ára í sjávardvölinni og hvort lax sé á endurtekinni hrygningu. Mælingar á hreistri gefa möguleika á að reikna út sjávarvöxt og gefa þær upplýsingar mynd af vaxtarskilyrðum í sjávardvölinni. Með aldursgreiningu á hreistri er mögulegt að greina á milli laxa af eldisuppruna og laxa af náttúrulegu klaki árinna.

Að taka hreistur af laxi er tiltölulega einföld aðgerð. Þó er mikilvægt að vanda sýnatöku og þess gætt að hreistur sé tekið af réttum stað á fiskinum og að fiskurinn sé lengdarmældur. Bent er á greinagóðar upplýsingar inn á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar um aðferðir við hreistursýnatöku og tilgang rannsóknanna og fylgir hér neðan tengill á leiðbeiningarnar.



Hreisturtökustaður á laxi sýndur með rauðum ferhyrningi, rétt aftan bakugga, ofan hliðarrákar. Einnig er sýnt hvernig lengd fisksins er mæld, frá snoppu aftur að sporðsýlingu.

Hreistur tekið af lifandi fiski:

Þegar hreistur er tekið af fiskum sem sleppt er til lífs er mikilvægt að gera það af varkárni. Hreistrið er ávallt tekið rétt aftan bakugga, ofan hliðarrákar. Nokkur atriði eru nefnt hér sem sérstaklega þarf að huga að:

1. Lyfta fiskinum sem minnst frá vatni.
2. Mæla lengd fisksins með málbandi (ekki er mælt með því að vigta fiska sem sleppt er til lífs).
3. Veiðimaður skal hafa hröð og örugg vinnubrögð.
4. Renna hnífsoddi á móti legu hreisturs til að losa hreisturplötturnar af.
5. Passa vel að skera ekki í roð fisksins eða særa hann á meðan hreistri er safnað (einnig hægt að nota pinsettu/flísatöng), en við það skapast sýkingarhætta.

Minnt er á að vanda merkingar á sýnatökupokann og skrá allar helstu upplýsingar um fiskinn, þ.e. kyn, þyngd, lengd, dagsetningu veiðinnar (dagur-mán-ár) og veiðistað. Einnig er mælt til þess að skrá aðrar upplýsingar ef við á, t.d. ef fiskur er merktur, ummerki er um lús, sár á fiski eða grunur um eldiseinkenni.

Upplýsingar voru fengnar af heimasíðu Hafrannsóknastofnunar 4. febrúar 2026 á slóðinni:

<https://www.hafogvatn.is/is/rannsoknir/stangveidi/hreistursynataka>



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna